

Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 99/1994.

**Tryggvi Einar Geirsson og
Þótabúi Ulrichs Falkner**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Jan Gunnari Davidssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.) og

Karl L. Magnússon

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

**Tryggva Einari Geirssyni og
Þótabúi Ulrichs Falkner**

Skuldabréf. Vanreifun. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendurnir Tryggvi Einar Geirsson og Þótabúi Ulrichs Falkner skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. mars 1994. Áfrýja þeir dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 3. desember 1993 um kröfur þeirra á hendur stefnda, Jan Gunnari Davidssyni. Krefjast áfrýjendurnir þess, að stefnda verði gert að greiða þeim 1.090.764 krónur með dráttarvöxtum til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, aðallega frá 10. mars 1988, til vara frá 31. október 1990, en til þrautavara frá 11. október 1991. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi, Jan Gunnar Davidsson, krefst staðfestingar fyrrgreinds dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda sameiginlega.

Karl L. Magnússon skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1994. Hann áfrýjar þar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 1994, en þar var leyst að efni til úr kröfum Tryggva Einars Geirssonar og Þótabús Ulrichs Falkner á hendur honum. Krefst Karl sýknu af kröfum Tryggva Einars og Þótabúsins og að þeim verði í sameiningu gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í þessum þætti málsins krefjast Tryggvi Einar Geirsson og þrotabú Ulrichs Falkner staðfestingar hins áfrýjaða dóms frá 24. febrúar 1994 og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi Karls L. Magnússonar.

I.

Áfrýjendurnir Tryggvi Einar Geirsson og þrotabú Ulrichs Falkner höfðuðu þetta mál fyrir héraðsdómi með stefnu 20. febrúar 1992 og kröfðust þar dóms á hendur Jan Gunnari Davidssyni og Karli L. Magnússyni í sameiningu um þá greiðslukröfu, sem áður getur. Með hinum áfrýjaða dómi 3. desember 1993 var Jan Gunnar sýknaður af þessum kröfum, en málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi gagnvart Karli. Með kæru 16. sama mánaðar var dóminum skotið til Hæstaréttar, að því er frávisunina varðaði. Með dómi réttarins 21. janúar 1994 var úrlausnin felld úr gildi að þessu leyti og lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfur áfrýjenda á hendur Karli til efnismeðferðar. Í kjölfarið gekk hinn áfrýjaði dómur frá 24. febrúar 1994, þar sem teknar voru til greina kröfur Tryggva Einars Geirssonar og þrotabús Ulrichs Falkner á hendur Karli L. Magnússyni.

Framangreind mál voru sameinuð fyrir Hæstarétti, og hafa þau verið rekin og flutt í einu lagi.

II.

Í stefnu og greinargerð í héraði greinir lögmaður sá, sem þar fór með málið af hálfu áfrýjendanna Tryggva Einars Geirssonar og þrotabús Ulrichs Falkner, þannig frá atvikum málsins, að það eigi rætur að rekja til samnings 17. desember 1987 milli stefnda, Jans Gunnars Davidssonar, og Sportlands hf. Hafi félagið þar fengið einkaumboð til dreifingar og sölu á sportfatnaði, sem Jan Gunnar hannaði. Að endurgjaldi átti félagið að greiða tilgreindar skuldbindingar Jans Gunnars, þar á meðal tvær við Iðnaðarbanka Íslands hf., samtals að fjárhæð 3.114.567,60 krónur. Þegar áfrýjendur gerðu ráðstafanir til að efna þessa skyldu, hafi komið í ljós í Iðnaðarbankanum ein skuldbinding Jans Gunnars til viðbótar. Hún hafi þá verið að fjárhæð 952.376 krónur, en ásamt Jan Gunnari hafi Karl L. Magnússon borið ábyrgð á greiðslu hennar. Áfrýjendurnir telja, að samkomulag hafi orðið um, að Sportland hf. tæki einnig að sér

þessa þriðju skuldbindingu sem greiðslu samkvæmt samningnum við Jan Gunnar, en á móti ættu samsvarandi greiðslur félagsins til annarra að falla niður. Til að efna þessa þriðju skuldbindingu hafi orðið að greiða Iðnaðarbankanum 1.090.764,15 krónur, þegar bætt var við vöxtum og kostnaði til greiðsludagsins, 10. mars 1988. Er það stefnufjárhæð málsins.

Áfrýjendur kveða Iðnaðarbankann ekki hafa tekið við skuldbindingum frá Sportlandi hf. til uppgjörs á framangreindum skuldum stefnda. Hafi því Tryggvi Einar Geirsson og Ulrich Falkner persónulega gefið hvor sitt skuldabréfið út til bankans fyrir helmingi heildarfjárhæðarinnar, sem kom þar til uppgjörs.

Í greinargerð áfrýjenda í héraði segir, að stefnda, Jan Gunnari, hafi eftir greiðslu þeirra til Iðnaðarbankans verið afhent skuldabréfið, sem áðurgreind þriðja skuldbinding hans við bankann var studd við. Hafi þetta átt að vera liður í uppgjöri milli stefnda og Sportlands hf. samkvæmt samningnum frá 17. desember 1987. Ágreiningur hafi hins vegar síðar risið um samninginn, þar sem hvor samningsaðili hafi talið hinn hafa vanefnt hann.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1990 hafi komið til úrlausnar, hvort Sportland hf. hafi með réttu mátt nota margnefnda þriðju skuldbindingu stefnda sem hluta af greiðslu á skyldum sínum samkvæmt samningnum. Því hafi verið hafnað. Þeim dómi hafi verið áfrýjað og málið dæmt í Hæstarétti 28. apríl 1994, en við þessu at-riði málsins hafi ekki verið hreyft, enda hafi aðilar unað við niðurstöðu héraðsdóms um það. Aðilaskipti urðu að umræddu máli undir rekstri þess fyrir héraðsdómi með því, að Sportland hf. framseldi kröfu sína á hendur Jan Gunnari Davidssyni vegna riftunar á umræddum samningi. Tóku framsalshafar, sem voru fimm fyrrverandi hluthafar í félaginu, við rekstri málsins, en riftunarkrafa þeirra á hendur Jan Gunnari náði ekki fram að ganga.

Í héraðsdómsstefnu kveðast áfrýjendur hafa uppi í máli þessu endurgreiðslukröfu, sem þeir byggi á því, að greiðsla þeirra til Iðnaðarbanka Íslands hf. á þriðju skuldbindingu stefnda hafi verið innt af hendi í þeirri trú, að með henni væru þeir að efna samninginn frá 17. desember 1987. Með áðurnefndum dómi hafi því hins vegar verið hafnað. Áfrýjendur telji, að með þessu verði Jan Gunnar Davids-son og Karl L. Magnússon „fyrir óréttmætri auðgun, þar sem ekki

hafi á neinn hátt staðið til að greiða aðrar skuldbindingar en þær, sem nýttust sem greiðsla á umræddu samkomulagi“. Málið sé höfðað á hendur báðum þessum aðilum, þar sem þeir hafi í sameiningu borið ábyrgð á kröfunni, sem var greidd Iðnaðarbankanum, og beri þeir því eins ábyrgð á endurgreiðslukröfunni, sem svo er nefnd í héraðsdómsstefnu. Í greinargerð áfrýjenda í héraði er greint á sama hátt frá málsástæðum, en því þó bætt við, að þar sem „dæmt hafi verið að greiðslan á ofan nefndri ábyrgðarskuldbindingu hafi ekki uppfyllt ákvæði samkomulagsins frá 17. desember eigi þeir rétt á að fá endurgreitt það sem þeir hafa ofgreitt“. Um lagarök segir það eitt í héraðsdómsstefnu, að áfrýjendurnir byggi „kröfur sínar um endurgreiðslu á meginreglum kröfuréttarins um endurgreiðslu ofgreidds fjár“. Gegnir sama máli um greinargerð þeirra í héraði.

Í greinargerð stefnda Jans Gunnars fyrir héraðsdómi var krafa um sýknu einkum reist á því, að áfrýjendur væru ekki réttir aðilar að málinu. Hafi Sportland hf. skömmu áður byggt rétt í dómsmáli á sömu kröfu og áfrýjendur saki hér og félagið þar framselt þann rétt sinn til fimm annarra manna. Áfrýjendur komi fram í þessu máli sem eigendur kröfunnar án þess að gera grein fyrir aðilaskiptum að henni. Áfrýjendur virðast ekkert hafa aðhafst í tilefni þessarar málsástæðu, en á grundvelli hennar var stefndi, Jan Gunnar, sýknadur með hinum áfrýjaða dómi frá 3. desember 1993.

Að gengnum þessum dómi, þegar málið var tekið fyrir að nýju til undirbúnings efnisdómi um kröfur áfrýjenda á hendur Karli L. Magnússyni, lögðu þeir fyrst fram yfirlýsingu frá þeim fimm mönnum, sem höfðu tekið við aðild að fyrra dómsmálinu af Sportlandi hf. Segir í skjali þessu, sem er dagsett 16. desember 1993, að sem fyrrverandi hluthafar í Sportlandi hf. lýsi umræddir menn því yfir fyrir sína hönd og félagsins, að vegna niðurstöðu dómsmáls þeirra gegn Jan Gunnari Davidssyni hafi allar kröfur og réttindi, sem hægt hafi verið að byggja á nánar tilteknu skuldabréfi við Iðnaðarbanka Íslands hf., horfið aftur til greiðenda þess, Tryggva Einars Geirssonar og Ulrichs Falkner. Í hinum áfrýjaða dómi frá 24. febrúar 1994 var kröfu Karls L. Magnússonar um sýknu vegna aðildarskorts áfrýjenda hrundið með vísan til þessarar yfirlýsingar.

Krafan, sem áfrýjendurnir Tryggvi Einar Geirsson og þrotabú Ulrichs Falkner beina í máli þessu að Jan Gunnari Davidssyni og Karli L. Magnússyni, er, sem fyrr segir, á því reist, að hinir fyrrnefndu hafi greitt Iðnaðarbanka Íslands hf. skuld, sem hafi hvílt á hinum síðarnefndu, í þeirri röngu trú, að greiðslan kæmi Sportlandi hf. að notum við uppgjör á skyldum samkvæmt samningi þess félags við Jan Gunnar. Þessari kröfu er ekki beint að viðtakanda greiðslunnar, Iðnaðarbanka Íslands hf., eða réttartaka hans. Verður því ekki um það rätt, að í málinu sé höfð uppi krafa um endurgreiðslu eða endurheimtu, svo sem málatilbúnaður áfrýjenda byggist þó á.

Í aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi greindi áfrýjandinn Tryggvi Einar frá því, að sér hefði verið ljóst, að umrædd greiðsla sín og Ulrichs Falkner hefði verið umfram skyldu samkvæmt samningi Sportlands hf. við Jan Gunnar Davidsson, þótt hann hefði staðið í þeirri trú, að greiðsluna mætti nýta með fyrrgreindum hætti. Verður vegna þessa að leggja til grundvallar, að greiðslan hafi ekki verið innt af hendi í rangri trú um skyldu til hennar, en af hálfu greiðenda var enginn fyrirvari gerður við kröfuhafann um tilefni hennar.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, geta áfrýjendur ekki reist rétt á hendur öðrum málsaðilum á þeim eina grunni, sem þeir vitna til um lagarök í málatilbúnaði sínum.

IV.

Í héraðsdómsstefnu og greinargerð áfrýjenda fyrir héraðsdómi er tilgreint meðal málsástæðna, að vegna umræddrar greiðslu þeirra til Iðnaðarbanka Íslands hf. hafi Jan Gunnar Davidsson og Karl L. Magnússon orðið fyrir óréttmætri auðgun. Samkvæmt málflutningi af hálfu áfrýjenda fyrir Hæstarétti felst í þessu og málatilbúnaði þeirra að öðru leyti, að þeir telji sig eiga rétt til að heimta sem auðgunarkröfu fjárhæð dómkröfu sinnar úr höndum gagnaðilanna.

Þótt þessari málsástæðu hafi þannig verið haldið fram í málatilbúnaði áfrýjenda, skortir mjög á, að atvik málsins séu reifuð nægilega með tilliti til hennar. Þannig hafa ekki komið fram skýrar yfirlýsingar um, hvort áfrýjendur hafi talið kröfufjárhæð sína sér til tekna hjá Sportlandi hf. eða jafnvel fengið hana þar greidda. Um þetta verður heldur ekkert ráðið af gögnum málsins. Af þessum

sökum liggur ekkert fyrir um, hvort áfrýjendur hafi orðið fyrir tjóni sem nemur greiðslu þeirra. Þá er einnig til þess að líta, að í málinu hefur ekki verið lagt fram skuldabréfið, sem áfrýjendur kveðast hafa greitt í Iðnaðarbanka Íslands hf. og þeir byggja kröfur sínar á, og hefur ekki verið upplýst, svo að viðhlítandi sé, um afdrif þess. Að svo búnu verður ekki fullyrt, að Jan Gunnar Davidsson og Karl L. Magnússon kunni ekki síðar að verða krafðir um greiðslu á grundvelli skuldabréfsins. Af þeirri ástæðu verður ekki leyst úr um, hvort þeir hafi auðgast af ráðstöfun áfrýjenda, svo sem málið liggur fyrir.

Pegar þess er gætt, sem að framan greinir, þykir mál þetta vera svo vanreifað af hendi áfrýjenda, að ekki sé fært að leggja á það efnisdóm. Verður því ekki komist hjá að ómerkja hina áfrýjuðu dóma og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinir áfrýjuðu dómar eru felldir úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
